


**Samantekt til að setja á aðaluppdrætti**

| | | |
|---|---|---|
| **Reiknað U-Gildi byggingarhluta** | | |
| Gluggar | 1,7 | W/m²K |
| Hurðir | 2,7 | W/m²K |
| Útveggur, ein utan, að jarðvegi | 0,30 | W/m²K |
| Útveggur, ein utan, klæddur loftr. Klæðningu | 0,37 | W/m²K |
| Botnplata | 0,22 | W/m²K |
| Viðsnúið þak | 0,19 | W/m²K |
| **Reiknað vegið meðaltal** | | |
| Vegið meðaltal veggja/glugga/hurða | 0,65 | W/m²K |
| **Reiknað varmatap á m² húss** | | |
| Varmatap á brúttó m² húss | 0,83 | W/m²K |

**Kirkjuvellir 12 A og 12 B**
Landnr. 197742
Staðgr.: 1400-1-50650120

## BYGGINGARLÝSING :

Á lóðinni verða tvö eins hús en spegluð. Kirkjuvellir 12 A og Kirkjuvellir 12 B. Hér er fjallað um Kirkjuvelli 12 B. Húsið er þriggja hæða hús með kjallara undir hluta húss, steypt og einangrað að utan. Klæðningar eru smábáru-ál.

**ÍBÚÐIR:** Í húsinu eru 14 íbúðir í einu stiga/lyftuhúsi.
Hjóla- og vagnageymsla er á 1. hæð við inngang. Geymslur íbúða og inntök eru í kjallara.
Tveggja herbergja íbúðir eru 5 talsins, þriggja herbergja eru 6 talsins og 3 íbúðir eru fjögurra herbergja.

**Algild hönnun og aðgengi** Húsið er hannað á grundvelli algildrar hönnunar. Bílastæði fatlaðra verða upphituð og upphituð leið liggur að inngangi. Mögulegt verður að koma fyrir þreplausri sturtu, unnt er að koma við hindrunarlausu 90cm breiðu svæði öðru megin við salerni. Breidd hurðarblaða allra inngangsdyra/útidyra bygginganna er 0,90 m og samsvarandi hæð minnst 2,10 m,
Allar aðrar hurðir í húsinu, jafnt inni- sem útihurðir,er með ljósmál a.m.k. 83 cm og hæð 2,00m. Hæðarmunur inni og úti er mestur 25mm að meðtaldri hæð á þröskuldi.
Það er sjálfvirkur hurðaopnari/hnappur við aðalinngang hússins.

STÆRÐIR:
**Kirkjuvellir 12 A MHL 01**

| | FLÖTUR | RÚMMÁL |
|---|---|---|
| Kjallari : | 142,5 m² | 402,1 m³ |
| 1.hæð : | 369,9 m² | 1.062,3 m³ |
| 2.hæð : | 380,6 m² | 1.092,3 m³ |
| 3.hæð : | 380,6 m² | 1.118,6 m³ |
| Botnflötur : | | 78,0 m³ |
| Stærð húss samtals : | 1.273,6 m² | 3.753,2 m³ |
| B-rými samtals : | 142,5 m² | |

Lóðarstærð : 4.511 m²
Nýtingarhlutfall
(A - kjallari)x2 / lóð : (1.131,1 +142,5) x2 / 4.511,0 m²= 0,56

**BÍLASTÆÐI** Alls eru 49 bílastæði á lóðinni. Það eru 4 sérmerkt stæði fyrir fatlaða á lóð, tvö við 12 A og 2 við 12 B, athafnasvæði er við hlið annars þeirra við hvort hús skv. reglugerð. Tvö stæði á lóð eru fyrir hleðslu á rafbílum.

**Botnplata** og sökklar eru einangruð með 75 mm einangrun.
Kólnunartala botnplötu er 0,3 W/ m² °C, eða betri.

**Útveggir** eru staðsteyptir og einangraðir að utanverðu með 100 mm steinullarplötum. Kólnunartala útveggja er 0,4 W/ m² °C, eða betri.
*Utan á einangrun er smábáru álklæðning. Litir utanhúss eru mismunandi í samræmi við deiliskipulag.*

**Gluggar** eru álklæddir timburgluggar með tvöföldu einangrunargleri. Einangrunargildi glugga og hurða er 2,0 W/m²K

**Þak** er flatt, einangrað á staðsteypta plötu. Einangrað með plasteinangrun ( "styrisol" ) í tveimur lögum, samtals 200mm þykkt, varin með möl.
Heilbræddur tjörupappi er undir einangrun á þaki og þakköntum. Kólnunartala þakflata er er 0,2 W/ m² °C, eða betri. Óvarinn þakpappi er í brunaflokki T.

**Innveggir** eru úr gipsi. Allar klæðningar eru í brunaflokki 1.

**Svalir** eru staðsteyptar og uppfylla kröfur um algilda hönnun.
Svalahandrið eru klædd álplötum og galvaniseruðum stálrimlum.

**Aðallagnaleiðir** í húsinu eru í stokkum við baðherbergi.

**Hljóðvist.** Lofthljóðeinangrun á milli íbúða skal vera amk. 55 dB og högghljóðeinangrun a.m.k. 53 dB. Miðað er við ÍST 45:2011.

**Sorp.** Sorpgeymsla er sameiginleg fyrir 12 A og 12 B staðsett í sérstöku gerði á lóð. Gert er ráð fyrir 14 sorpgámum eða því sem samsvarar 1 1/2 sorptunnu per íbúð í sorpgámum.

**Útsog** er frá öllum lokuðum gluggalausum rýmum. Sameiginlegir gangar eru loftræstir. Ferskloftsinntök eru í öllum íbúðum.

**Gólfniðurföll** eru í öllum votrýmum, staðsett á teikningum í mkv. 1:50.

**Upphitun** húsin eru hituð með ofnakerfi.

**Heitt neysluvatn** er að hámarki 65°, varmaskiptir verður við inntak og tryggir 60-65° hita á heitu neysluvatni. Inntök rafmagns, hitaveitu og vatns eru frágengin skv. kröfum viðkomandi veitna og eru staðsett í kjallara.

**Snjóbræðsla**
Snjóbræðsla er í bílastæðum fatlaðra, í gönguleið að aðalinngangi og í gönguleið að sorpgeymslu.

**Hleðslustæði**
það eru 2 stæði fyrir hleðslu á rafmagnsbílum á lóðinni

**Lóðarhönnun:**
Landslag ehf

**Brunavarnir.** Veggir milli íbúða eru EI90 (staðsteyptir). Hurðir úr stigahúsi inn í íbúðir eru EICS 30. Klæðningar innanhúss eru amk. í flokki 1.
Fjarlægð milli óvarinna glugga tveggja íbúða er amk. 1,2 m.
Í hverri íbúð eru að minnsta kosti einn reykskynjari og handslökkvitæki sbr. grein 92.3 í byggingarreglugerð.
Aðkoma slökkviliðs er um bílaplan vestan við húsið annars vegar og svalgangsmegin austan megin hinsvegar.

Samþykkt þann
13. apríl 2016
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði

| ÚTGÁFA | TEIKNAÐ | YFIRFARIÐ | DAGS |
|---|---|---|---|
| | | | |

ASK ARKITEKTAR EHF
GEIRSGÖTU 9
101 REYKJAVÍK
SÍMI 515 0300
www.ask.is

ASK ARKITEKTAR

ÁRITUN AÐALHÖNNUÐAR
Sigurlaug Sigurjónsdóttir Arkitekt FAÍ. kt. 060767-8319
sigurlaug@ask.is

VERKEFNI
KIRKJUVELLIR 12B
Lóð: Kirkjuvellir 12

TEGUND TEIKNINGAR
Aðalteikningar
HEITI TEIKNINGAR
AFSTÖÐUMYND OG BYGGINGARLÝSING

MKV. Í A2: 1 : 500
HANNAÐ: SS
TEIKNAÐ: UEF
YFIRF.: KJH
DAGS.: 04.01.2016
ÚTGÁFA:

VERK NR.: 1523
AUÐKENNI - NÚMER TEIKNINGAR: 12B-10-01

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR ER HÁÐ SAMÞYKKI ASK ARKITEKTA. EKKI SKAL MÆLA UPP AF TEIKNINGU.